

Nærsamfélagið og nýsköpun

5. - 7. bekkur



Þú getur gert ýmislegt til að fá gagnlegar hugmyndir fyrir staðinn sem þú býrð á. Hér eru nokkrar leiðir:

Vantar eitthvað á staðinn þinn?

1. Er verið að gera eitthvað á öðrum stöðum sem er ekki gert þar sem þú býrð? Væri hægt að gera það á þínum stað?

Ert þú kannski með hugmynd sem enginn annar hefur fengið?

Hvað er sérstakt við staðinn þinn?

1. Farðu út og skoðaðu þig um, talaðu við fjölskyldu þína, kennara og aðra sem þekkja staðinn vel.
 - a. Er eitthvað í bænum eða náttúrunni í kring sem er alveg sérstakt og erfitt að fá annars staðar?
 - i. Merkileg náttúra? Merkileg hús?

Er hægt að gera eitthvað betur á staðnum þínum?

1. Farðu út og skoðaðu þig um, talaðu við fólk, kennara og aðra sem þekkja staðinn vel.
 - a. Er eitthvað búið til eða selt á staðnum þínum sem væri hægt að breyta?
 - i. Gæti það til dæmis verið betra fyrir náttúruna?
 - ii. Er hægt að búa til eitthvað nýtt úr tveimur ólíkum hlutum?

Eru ónýttir fjársjóðir á staðnum þínum?

1. Farðu út og skoðaðu þig um, talaðu við fjölskyldu þína, kennara og aðra sem þekkja staðinn vel.
 - a. Er eitthvað tomt hús sem er hægt að nýta?
 - b. Eru einhverjir afgangar eða „rusl“ sem er hægt að nota til að búa til eitthvað annað?
 - c. Eru hlutir í náttúrunni sem er hægt að nota til að búa til hluti sem ferðamenn gætu haft áhuga á?

Til að fá nýjar hugmyndir er mikilvægt að vera forvitinn, láta ímyndunaraflið ráða för og hafa trú á sjálfum sér.